

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Útgáfudagur / úgáfa: 07.02.2008 / 3

Kemur í stað: 05.03.2004 / 2

Útskriftardagur: 18.7.2011

1. VÖRUHEITI OG FRAMLEIÐANDI

Vöruheiti:	Flísa- og vaskahreinsir
Framleiðandi:	MF Mjöll-Frigg ehf. Norðurhelli 10 221 Hafnarfjörður Sími: 512 3000 Fax: 512-3001 Netfang: mjollfrigg@mjollfrigg.is Heimasíða: www.mjollfrigg.is
Slys:	Hafið samband við lækni eða Eitrunarupplýsingastöð í síma 525 1111. Hafið meðferðis merkimiða eða þessar öryggisleiðbeiningar ef leita þarf læknis. Sími Neyðarlínunnar er 112.

2. VARÚÐARUPPLÝSINGAR

Snerting við augu:	Slettur í augu valda ákøfum sársauka og ætingarsárum. Mikil hætta er á sjónskemmdum og blindu.
Snerting við húð:	Snerting við húð getur valdið ætisárum ásamt sviða.
Inntaka:	Veldur alvarlegum ætingarskemmdum með sársauka, uppköstum, nýrnaskemmdum, köfnunartilfinningu og jafnvel losti og dái. Mikil hætta er á langvarandi óþægindum vegna ætingar í vélinda eða maga.
Innöndun:	Gas eða gufa getur valdið sviða, hósta og andþrengslum. Eftir margar klukkustundir eða jafnvel daga án erfiðleika, getur orðið vart öndunarerfiðleika og að vökvi safnist í lungu (lungnabjúgur).

3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

Innihald (m.a.):	CAS-nr.	EINECS-nr.	Varnaðarmerki	H-setn.	Styrkur
Efni					
Ammóníumbíflúoríð	1341-49-7	215-676-4	C,T	25-34	<3%
Sítrónusýra	5949-29-1	201-069-1	Xi	36	<5%
Díprópylenglykólmetýleter	34590-94-8	252-104-2	-		<5%

Varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningar, sjá lið 15.

4. SKYNDIHLJÁLÞ

Snerting við augu:	Mikilvægt! Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 25 mínútur. Haldið augnalokum sundurglentum á meðan. Leitið strax læknis. Augnlæknir.
Snerting við húð:	Skolið strax með miklu vatni. Fjarlægið strax fatnað, skartgripri o.þ.h. sem slest hefur á. Leitið læknis hafi húðin skaðast eða ef erting og/eða roði eru viðvarandi. Einungis læknir má meðhöndla ætingarsár.
Inntaka:	Skolið strax munn og drekkið mikið vatn. Framkallið ekki uppsölu! Hafið strax samband við lækni. Athugið! Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun:	Ferskt loft, hvíld á hlýjum stað, helst í þægilegri stíjandi stellingu. Skolið nef og munnhol með vatni. Öndunaraðstoð og súrefnisgjöf, ef með þarf. Forðist alla líkamsáreynslu, hún eykur áhættu á lungnaskemmdum. Á sjúkrahús.

5. BRUNI/AÐFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD

Brennanleiki:	Ekki eldfim, en getur valdið íkveikju eða sprengingu í snertingu við ýmis efni (sjá lið 10).
Slökkviefni:	Varan er ekki eldfim. Val á slökkviefnum fer eftir því hvaða önnur efni eru nálæg.
Hættuleg niðurbrots-efni við bruna:	Gefur frá sér eitruða og ætandi gufu við upphitun. Sprengihvörf geta orðið í snertingu við eldfim lífræn efni og efni sem oxast auðveldlega eins og alkóhól, terpentínu, viðarkol, málmduft vetnissúlfíð og lírænan úrgang.
Hlíðarbúnaður við slökkvistörf:	Fullkominn hlífðarbúnaður og ferskloftstæki.

6. EFNALEKI

Til verndar fólki:	Sjá 8. lið. Athugið einnig að gólf geta orðið hál.
Til verndar umhverfi:	Komið í veg fyrir að mikið magn vörunnar komist í niðurföll eða berist á annan hátt út í sjó eða vötn - eða mengi jarðveg.
- Lítil leki:	Lokið fyrir lekann og skolið niður með miklu af vatni, varist hálfu.
- Mikill leki:	Það ber að binda efnið með sandi jarðvegi, steinullarmottum eða öðru tiltæku til að hindra að það berist í niðurföll. Notið ekki hefilspræni eða annað úr tré - hætta er á bruna og köfnunarefnisgasi. Safnið í lokað ílát og merkja með innihaldi. Förgun ísogsefnisins á að vera með sama hætti og förgun vörunnar (sjá 13. lið).

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun:	Sýnið aðgæslu og notið viðeigandi hlífðarbúnað (sjá 8. lið). Opnið umbúðir varlega. Haldið fjarri efnum sem hvarfast geta við vöruna (sjá 10. lið) – sérstaklega klór og hreinsiefnum sem innihalda klór.
Geymsla:	Geymið vöruna í upprunalegu umbúðunum, lokuðum og fjarri efnum sem hún getur hvarfast við (sjá 10. lið) – sérstaklega klór og hreinsiefnum sem innihalda klór. Geymsluþol er tvö ár frá framleiðsludegi. Æskilegt geymsluhitastig er 5-20°C. Skýlið fyrir sólarljósi.

8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR

Mengunarmörk: Um þau hráefni sem notuð eru í vöruna og getið er í reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum gildir eftirfarandi:

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Meðalgildi
Sítrónusýra	5949-29-1	201-069-1	3 mg/m ³
Díprópylengýkólmonómetýleter	34590-94-8	252-104-2	50 ppm (300 mg/m ³)

Tæknilegar öryggis-ráðstafanir:

Möguleiki til augn og húðskolunar með vatni. Sápa. Vinnu skal ætíð skipuleggja og framkvöma þannig að mengun sé eins lítil og kostur er.

Persónuhlífar:

- Augu: Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.
- Hendur: Sýrupólnir hlífðarhanskar.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Útlit:	Tær, grænblár vökvi.		
Lykt:	Hreingerningarilmur.		
pH:	~3.		
Suðumark [°C]:	>100.	Þrýstingur [kPa]:	101,33.
Bræðslumark [°C]:	~-0		
Logamark [°C]:	Óviðeigandi.		
Íkveikjumark [°C]:	Óviðeigandi.		
Eðlisþyngd [kg/m³]:	~1020	Hitastig [°C]:	20.
Leysanleiki í vatni:	Blandast vatni í öllum hlutföllum.		
Leysanleiki í öðrum leysiefnum:	Óþekktur.		
Seigja [mPa·s]:	Óþekkt.	Hitastig [°C]:	-

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Stöðugleiki:	Varan er stöðug við tilætlaða notkun og réttar geymsluaðstæður.
Aðstæður sem ber að forðast:	Sterkt ljós og hiti.
Efni sem ber að forðast:	Sýran er oxunarmiðill. Varist snertingu við sterka basa og afoxunarmiðla, málmduft, terpentínu, vetnissúlfíð og lífrænt efni.

Hættuleg niðurbrots-efni:

Klór gas getur myndast komist varan í snertingu við klór eða hreinsiefni sem innihalda klór. Tærir marga málma svo sem ál, stál og sink. Myndast þá vetnisgas sem getur valdið sprengihættu.

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Almennt: Ætandi við innöndun, í snertingu við húð, augu og inntöku.

Eiturefnafæðilegar upplýsingar:

- Húð: Ætandi.
- Augu: Ætandi. Getur valdið varanlegum augnskemmdum eða blindu.
- Innöndun: Ætandi. Innöndun getur valdið öndunarerfiðleikum og lungnabólgu. Hættuleg einkenni eins og lungnabjúgur og vökvasöfnun í lungum geta komið fram seinna, jafnvel dögum eftir innöndun.
- Inntaka: Ætandi. Veldur alvarlegum ætiskemmdum í munni og meltingarfærum með miklum sársauka.

Heilsuhætta:	Inntaka
Efni	LD50_{rotta} mg/kg
Díprópýlengýkólmonómetyléter	5130

12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

- Almennt:** Engin þeirra hráefna sem notuð eru í vöruna flokkast sem hættuleg umhverfinu.
- Lífniðurbrot:** Efni sem notuð eru í þessa vöru brotna auðveldlega niður í náttúrunni.
- Eituráhrif í vatni:** Óþynnt vara er hættuleg vatnalífverum vegna lágs sýrustigs, en þynnt hlutleysist hún fljótt.
- Þrávirkni:** Engin þrávirkni.

13. FÖRGUN

Ekki má urða vöruna. Sé um lítið magn að ræða á að blanda vörunni varlega saman við mikið vatn og meðhöndlið eins og um lítinn efnaleka sé að ræða (sjá 6. lið). Hafið samband við framleiðanda eða spilliefnamóttöku ef um mikið magn er að ræða. Gallaða vöru á að senda til framleiðanda. Að öðru leiti er vísað í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

14. FLUTNINGUR**ADR (flutningar á vegum)**

SP-númer:	3264
Innihaldslýsing:	ÆTANDI VÖKVI, SÚR, ÓLÍFRÆNN, N.O.S.
Flokkur:	8
Þökkunarflokkur:	III
Hættunúmer:	80
ADR-merking:	8

IMDG (flutningar á sjó)

UN-number:	3264
Proper ship name:	CORROSIVE LIQUID, ACIDIC, INORGANIC, N.O.S.
Class:	8
Packing group:	III
MFAG table no.:	
EmS no.:	

DGR (flutningar í lofti)

UN-number:	3264
Proper ship name:	CORROSIVE LIQUID, ACIDIC, INORGANIC, N.O.S.
Packing group:	III

15. UPPLÝSINGAR UM LÖG, REGLUGERÐIR EÐA REGLUR

Unnið samkvæmt reglugerð 1027/2005 um öryggisblöð, reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum ásamt síðari breytingum og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturfna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni ásamt síðari breytingum

Merking:



H-setningar:

- 22 Hættulegt við inntöku.
34 Ætandi.

V-setningar:

- 1/2 Geymist á læstum stað þar sem börn ná ekki til.
26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.
37 Notið viðeigandi hlífðarhanska.
45 Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Útgáfudagur: 23.05.2011
Útgáfa: 4.
Kemur í stað: 07.02.2008
Endurskoðað: Richard Kristinsson.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru samdar með það í huga að koma á framfæri heilsu-, öryggis- og umhverfisupplýsingum er lúta að meðhöndlun og notkun vörunnar.

Þær upplýsingar sem fram koma eru byggðar á gögnum sem framleiðandi telur áreiðanleg. Sum þessara gagna eru látin í té af hráefnaframleiðendum og því getur framleiðandi ekki ábyrgst að þau séu í alla staði rétt.

Framleiðandi getur ekki stjórnað eða haft vitneskju um aðstæður og aðferðir við meðhöndlun, geymslu, notkun eða förgun vörunnar eftir að hún hefur verið seld kaupanda. Af þessum ástæðum tekur framleiðandi ekki ábyrgð á slysum eða öðru tjóni sem rekja má til eða er á einhvern annan hátt tengt meðhöndlun, geymslu eða notkun vörunnar.

Þessar öryggisleiðbeiningar voru einungis samdar fyrir þessa tilteknu vöru og því á einungis að nota þær í því sambandi. Sé varan blönduð öðrum efnum eða hún notuð sem hluti af annarri vöru er mögulegt að þessar öryggisleiðbeiningar séu ekki lengur viðeigandi.